

REGLUGERÐ

**um breytingu á heilbrigðisreglugerð nr. 45/1972,
með síðari breytingum.**

1. gr.

3. tl. 162. gr. reglugerðar nr. 45/1972, sbr. breyting nr. 451/1985, orðist svo:
162.3. Óheimilt er að reisa loðdýrabú, alifuglabú og svínabú nær mannabústöðum eða vinnustöðum annarra en sjálfs búsins en sem nemur 300 m. Í strjálbýli er þó heimilt að reisa slík bú nær mannabústöðum á aðliggjandi bújörðum með samþykki hlutaðeigandi ábúenda og/eða eigenda. Að öðru leyti skal farið að fyrirmælum heilbrigðisnefndar um staðsetningu.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stöð í 2. gr. laga nr. 109/1984, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, öðlast gildi þegar við birtingu.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 18. febrúar 1988.

Guðmundur Bjarnason.

Ingimar Sigurðsson.

Nr. 131

25. febrúar 1988

GJALDSKRÁ

vegna hundahalds á Suðurnesjum fyrir árið 1988.

1. gr.

Gjald fyrir að halda hunda sbr. 2. gr. samþykktar nr. 428/1987, skal á árinu 1988 vera kr. 5 000,00 fyrir hvern hund.

2. gr.

Gjaldskrá þessi sem samþykkt er af sveitarstjórnnum Keflavíkur, Njarðvíkur, Grindavíkur, Miðneshrepps, Gerðahrepps, Vatnsleysustrandarhrepps og Hafnarhrepps staðfestist hér með skv. 22. gr. laga nr. 109/1984 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit til þess að öðlast gildi þegar við birtingu.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 25. febrúar 1988.

F.h.r.

Ingimar Sigurðsson.

Ingibjörg Sigurðardóttir.